



Skólatöskudagar Iðjuþjálfafélags Íslands

30.september-4.október 2013



Fræðslu –og kynningarnefnd IPÍ

Elsa Sigríður Þorvaldsdóttir

Karina Petersen

Harpa Guðmundsdóttir

Dagný Hauksdóttir

Ragnheiður R. Magnúsdóttir

Verkefnið var unnið í samvinnu við:



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ
Directorate of Health

Skólatöskudagar Iðjuþjálfafélags Íslands (ÍÞÍ) voru haldnir á landsvísu áttunda árið í röð dagana 30. september- 4. október 2013. Fræðslu- og kynningarnefnd ÍÞÍ sá um undirbúning og framkvæmd Skólatöskudaga en hana skipuðu: Elsa Sigríður Þorvaldsdóttir, Karina Petersen, Harpa Guðmundsdóttir, Dagný Hauksdóttir og Ragnheiður R. Magnúsdóttir.

Verkefnið fékk styrk úr Lýðheilsusjóð Landlæknisembættisins en framlag hans til verkefnisins var 150.000 kr. Eins var samstarf við verkefnið „Göngum í skólann“ á vegum ÍSÍ, helsti tengiliður þar var Örvar Ólafsson (orvar@isi.is).

Vinnugögn fyrir Skólatöskudaga voru talin og tekin saman af nefndarmeðlimum og skiptist sú vinna niður í tvö skipti. Fyrra skiptið var að vori þar sem eldri gögn voru talin til að áætla hversu mikið þurfti að prenta fyrir haustið í það fóru um tveir tímar. Seinna skiptið voru gögnin talin og flokkuð til að senda í skóla og iðjuþjálfar sem óskuðu eftir þátttöku, tók sú vinna um fjóra tíma. Á Eyjafjarðarsvæðinu voru gögnin sótt til Ragnheiðar og sá hún einnig um að pósthleggja gögn á alla aðra staði.

Nefndarmenn sendu í tölvupósti kynningarbréf á alla skóla í landinu. Tuttugu og þrjú skólar óskuðu eftir að fá iðjuþjálfar við það bættust sex skólar sem iðjuþjálfar óskuðu eftir að heimsækja. Nefndin reyndi að koma til móts við sem flesta og af varð að 15 skólar fengu iðjuþjálfar í heimsókn en 14 stóðu af. Þeir skólar sem ekki fengu iðjuþjálfar voru:

Hraunvallaskóli, Grunnskólinn á Suðureyri, Höfðaskóli, Reykjahlíðarskóli, Valsárskóli, Grunnskóli Borgarfjarðar eystri, Snælandsskóli, Grunnskólinn í Grindavík, Engidalsskóli, Grunnskóli Húnaþings, Egilsstaðaskóli, Grunnskóli Raufarhafnar, Holtaskóli og Öldutúnsskóli. Nokkrir þessara skóla hafa óskað eftir iðjuþjálfar í mörg ár en ekki fengið og er farið að bera á óánægju hjá þeim að boðið skuli vera upp á þjónustu ár eftir ár sem ekki er hægt að veita. Í framtíðinni væri ánægjulegt ef hægt væri að sinna öllum þeim skólum sem óska eftir þátttöku.

Þátttaka iðjuþjálfar og iðjuþjálfanema var enn minni en í fyrra og árið þar áður en vonandi verður hægt að finna leiðir til að auka þátttökuna. Mikið var um að iðjuþjálfar legðu áherslu á fræðslu um uppröðun í og stillingu á skólatöskum en fleiri nemendur fengu það nú í ár en í fyrra. Lítið var um að iðjuþjálfar væru að vigta nemendur. Var það m.a. vegna umræðna sem sköpuðust varðandi vigtun á börnum. Formaður sendi hvatningu til iðjuþjálfar á facebook síðu félagsins um mikilvægi þess að taka þátt í Skólatöskudögum. Auk þess var haft samband við Kristjönu Fenger deildarformann Iðjuþjálfunarfræðideildar og sá hún um að senda tölvupóst á iðjuþjálfanema þar sem þeir eru ekki allir með nemaaðild að félaginu.

Líkt og í fyrra var lögð áhersla á að iðjuþjálfar og iðjuþjálfanemar færu í 1. 3. og 6. bekk, með því er vonast til að hægt sé að ná til allra barna á ákveðnum aldri. Í minni skólum var þó hvatt til þess að allir bekkir fengju heimsókn. Fræðslupunktum sem nefndin útbjó 2011 var dreift til iðjuþjálfra og/eða iðjuþjálfanema til að nýta sér við fræðsluna.

Þátttaka í Skólatöskudögum 2013:

Iðjuþjálfar: 18

Iðjuþjálfanemar: 11

Fjöldi skóla: 15

Heildar fjöldi nemenda: 1408

Fjöldi vigtaðra nemenda: 56

Prentun gagna

2000 nýjir bæklingar

1000 litablöð

Kostnaður:

100.362 í prentkostnað

15.959 í sendingakostnað

Litablöð og bæklingar frá því fyrra voru einnig notuð þar sem styrktaraðili var sá sami. Bæklingar sem gengu af eru í geymslu hjá Ragnheiði. Einnig eru eldri gögn geymd á skrifstofu SIGL í Borgartúni.

Nefndin sendi tölvupóst á helstu fjömiðla varðandi Skólatöskudaga en svörunin var lítil og því lítið um umfjöllum í fjölmiðlum þetta árið.

Breytingar á Skólatöskudögum

- ✓ Nokkrir iðjuþjálfar voru með fræðslu fyrir foreldra verðandi 1. bekkinga um val á skólatösku. Fólk var almennt ánægt með þetta og stefnt að því að hvetja fleiri til að taka þátt á næsta ári.
- ✓ Hafdís Sverrisdóttir var með fræðslu um val, stillingu og röðun í skólatöskur fyrir foreldra verðandi 1. bekkinga og var því fylgt eftir af nefndinni með könnun (sjá niðurstöður í viðhengi 1.)

- ✓ Sótt var um styrk hjá Lýðheilsusjóð fyrir verkefninu, byrja þurfti þá vinnu snemma að vori 2013: <http://www.menntamalaraduneyti.is/stofnanir>
- ✓ Rafræn skráning á skólatöskudagana var inn á síðu félagsins.

Hugmyndir Fræðslu- og kynningarnefndar fyrir Skólatöskudaga 2014

Nefndin er með margar hugmyndir um hvernig hægt væri að gera Skólastöskudaga enn skilvirkari og markvissari.

- ✓ Senda fræðslupunkta um skólatöskur til iðjuþjálfra í skólum að vori áður en fyrstu bekkingar koma í kynningu í sína skóla. Skólarnir gætu prentað punktana út sjálfir og látið þá nemendur hafa sem eru að hefja nám að hausti. Með þessu erum við e.t.v. að ná fyrir til foreldra og barna áður en skólatöskur eru keyptar.
- ✓ Passa að Skólatöskudagarnir rekist ekki á við samræmduprófin og líka að vera í sambandi við Kristjönu Fenger um hvort skólatöskudagarnir stangist nokkuð á við námið hjá iðjuþjálfanemum og hefur það með þátttöku allra að gera.
- ✓ Setja teygjuhlaefingar forritið fyrir börn á heimasíðu IPÍ.
- ✓ Gera markvissa fjölmiðlaáætlun svo hægt sé að senda út tímanlega umfjöllun á Skólatöskudögum. Kanna aukið samstarf við göngum í skólann verkefnið.
- ✓ Hvetja iðjuþjálfra til að taka myndir af Skólatöskudögum og senda til IPÍ sem gæti svo sett inn á heimasíðu félagsins.
- ✓ Athuga með að vera í auknu samstarfi við göngum í skólann verkefnið.
- ✓ Vera í samvinnu við stjórn iðjuþjálfafélagsins um hvernig bæta megi skólatöskudagana þar sem veruleg þörf er á því, etv. best í kringum aðalfund í mars t.d með því að:
 - Skoða breyttar aðferðir við að hvetja iðjuþjálfra til þátttöku þar sem nokkrir skólar óska eftir iðjuþjálfra ár eftir ár en fá aldrei neinn og eru nú farnir að óska eftir því að það verði ekki haft samband við þá varðandi Skólatöskudaga að ári.
 - Gera síðu og/eða viðburð á facebook og twitter varðandi skólatöskudaga og nýta þannig samfélagsmiðla til að koma skilaboðunum áleiðis.
 - Kaupa auglýsingar á facebook til að tryggja birtingu.
 - Kaupa auglýsingar í stað fréttatilkynninga til að tryggja birtingu.
 - Iðjuþjálfar hafi sjálfir samband við þá skóla sem þeir óska eftir að fara í að hausti.

Fræðslu –og kynningarnefnd IPÍ

Karina Pedersen

Elsa Sigríður Þorvaldsdóttir


Dagný Hauksdóttir

Harpa Guðmundsdóttir

Ragnheiður R. Magnúsdóttir

Niðurstöður úr könnun til foreldra v. fræslu um val á skólatöskum

Fræðslu og kynninganefnd Iðjuþjálfafélags Íslands fékk Hafdísí Sverrisdóttur til að vera með kynningu s.l. vor í einum bekk fyrir foreldra verðandi grunnskólabarna. Í fræðslunni fékk Hafdís netföng foreldranna og bað um leyfir fyrir því að nefndin myndi senda á þá könnun er varðaði nýtingu þeirra á fræðslunni. Það voru 17 foreldrar sem gáfu leyfi fyrir því að haft yrði samband við þá en aðeins fimm svöruðu könnunninni sem er 29,4 % og telst það frekar lág svörun. Könnunin skiptist upp í níu beinar spurningar og eina opna. Hér að neðan má sjá heildar nýtingu á fræðslunni. Könnunin byggir að mestu leiti á því efni sem farið er yfir í bæklingnum *“Leiðbeingar frá iðjuþjálfum um skólatöskur”*. Lögð var fram spurning og svo spurt hvort þessi tiltekni fræðslupunktur hefði nýst foreldrum og má sjá heildar nýtinguna hér að neðan.



Einnig var ein opin spurning sem aðeins tveir svöruðu eða um 40%:

Spurningin var svohljóðandi:

Telur þú þig hafa haft gagn af fræðslu um val á skólatöskum? Ef svo er hvernig þá, svarið stuttlega?

Almennt virtist fólk hafa eitthvað gagn af fræðslunni. Það vildi hinsvegar að fræðslan væri skipulagðari og ýtarlegri með fleiri sýnidæmum.

F.h. fræðslu- og kynninganefndar

Ragnheiður R. Magnúsdóttir